



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 26. apríl var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 08.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Kristín B. Leifsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá :

1. Ráðning skólastjóra

Fyrir fundinum lágu minnisblöð, yfirlit og samantektir er taka til mats á þeim umsækjendum er sóttu um stöðu skólastjóra Höfðaskóla. Viðtöl við umsækjendur fóru fram þann 23. apríl sl. Í minnisblaði sem lagt var fyrir fundarmenn voru útlistuð þau rök er legið gætu að baki ráðningu í starf skólastjóra en tilgangur þess er að bera saman fyrirliggjandi gögn og leggja mat á hæfni umsækjenda til þess að sinna starfinu. Fundurinn fór yfir þær samantektir og ræddi hvaða atriði væri rétt að leggja til grundvallar ráðningunni. Að því loknu samþykkti fundurinn með fjórum atkvæðum að ráða Söru Diljá Hjálmarsdóttur í starf skólastjóra. Einn situr hjá. Inga Rós óskar eftir því að eftirfarandi verði bókað:

„Ég Inga Rós Sævarsdóttir vil taka fram að ég sat ekki viðtöl við umsækjendur og get því ekki tekið afstöðu til ráðningar og sit því hjá.“

Við endanlegt mat á umsækjendum var horft til þess hvaða menntun væri æskilegust í starfið. Viðmiðið ræðst m.a. af því hverjar þarfir viðkomandi stofnunar eru og hvaða menntun eða reynsla er líklegust til þess að nýtast hvað best við rekstur og stjórnun skólans. Sara Diljá hefur M.ed. gráðu í grunnskólakennslu, B.ed. gráðu í kennslu ungra barna og diplóma í stjórnun menntastofnana sem telja verður að sé það nám sem er best til þess fallið að nýtast við stjórnun grunnskóla. Þá var reynsla hennar sem staðgengill núverandi skólastjórnenda Höfðaskóla einnig metin sem og önnur námskeið og verkefni sem hún hefur sinnt bæði í námi og starfi.

Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að ganga frá ráðningu Söru Diljár Hjálmarsdóttur í starfið.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:10

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Kristín B. Leifsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir